

Kortlagði Austurland



Ötull George Walker stundaði merkar jarðfræðirannsóknir á Austfjörðum. — Ljósmynd/ÓBS

GEORGE Patrick Leonard Walker kortlagði jarðfræði Austurlands ásamt nemendum sínum á árunum 1955 til 1965. Walker skrifaði m.a. merka ritgerð um Breiðdalseldstöðina.

Hann var við rannsóknir á sumrum allt frá Hornafirði til Norðfjarðar og iðulega með konu sína og unga dóttur með sér í tjaldi.

Walker fæddist í London 2. mars árið 1926. Hann lauk meistaraprófi frá Belfast 1949 og fékk doktorsgráðu frá Leeds sjö árum síðar. Walker kenndi við Lundúnaháskóla frá 1951 til 1978. Hann stundaði rannsóknir á Íslandi á árunum 1955 til 1965 og sótti landið auk þess heim árin 1973 og 1988. Síðari rannsóknir Walkers voru einkum á Azoreyjum, Ítalíu, Kanaríeyjum, Nýja-Sjálandi, Indónesíu og Hawaii. Walker bjó eftir 1978 m.a. á Nýja-Sjálandi, Hawaii og síðast í London og lést snemma árs 2005, 78 ára gamall.

Walker skrifaði og birti margar ritgerðir um rannsóknir sínar á Íslandi. M.a. um jarðfræði Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Breiðdals, Álftafjarðar og Þingmúla í Skriðdal. Hann skrifaði einnig vísindaritgerðir um landmótun, samsetta bergganga, flikrubergr og geislasteinabelti á Austurlandi og almennt um íslenska jarðfræði og landrek.

Í fótspor merks fræðimanns

Safn í minningu G. Walker á Breiðdalsvík

Eftir Steinunni Ásmundsdóttur

Breiðdalsvík | Stofna á jarðfræðisetur á Breiðdalsvík í sumar, í minningu breska jarðfræðingsins George P. L. Walker, sem stundaði ásamt nemendum sínum jarðfræðirannsóknir í Austfjarðafjöllum í áratug um miðja síðustu öld. Safn og aðstaða til fræðaiðkunar verða í elstu byggingu þorpsins, Kaupfélagshúsinu, sem byggt var 1906. Walker fékk m.a. íslensku fálkaorðuna fyrir rannsóknir sínar hérlendis.

„Setrið mun heita Í fótspor George Walkers – Miðstöð um steindir og eldstöðvar og á að verða lifandi þekkingarsetur,“ segir Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps. „Guðrún Sigríður Haraldsdóttir, leikmynda- og búningahönnuður í Bretlandi, mun annast uppsetningu sýningar á fjölmörgum munum úr fórum Walkers sem tengjast Austurlandi.“

Mikilsverð vísindagögn

Ómar Bjarki Smáráson jarðfræðingur og eigandi Stapa-jarðfræðistofu, á hugmyndina að setrinu, enda doktorsnemi hjá Walker í eina tíð og hefur á honum miklar mætur sem vísindamanni og persónu. Ómar Bjarki hefur í samstarfi við ekkju og dóttur Walkers á Englandi farið í gegnum gögn, ljósmyndir og muni sem fýsilegt væri að hafa í safninu. Walker gaf honum skrifborðið sitt og nokkur frumrit af kortum 1978 í tilefni búferlaflutnings til Nýja-Sjálands og verða það fyrstu safngripir jarðfræðisetursins. „Við setjum upp safn um þá muni sem Walker lét eftir sig og við getum fengið, þ. á m. þúsundir flokkaðra slidesmynda héðan frá Íslandi, viðamikil sérritasafn um eldfjallafræði og íslensku rannsóknirnar, bergþynnur, birt og óbirt kort og teikningar og mynda- og dagbækur frá íslensku sumrunum. Þetta á svo að verða mennta- og fræðasetur alveg frá leikskóla og upp úr.“ Ómar Bjarki segir fulla ástæðu til að gera heimildamynd um Walker og störf hans á Íslandi.

Hjörleifur Guttormsson hélt á fimmtudagskvöld fjölsóttan fyrirlestur í Breiðdal um gildi rannsókna Walkers fyrir fræðistörf, menningu og ferðamennsku á Austurlandi, en Hjörleifur er vel kunnugur rannsóknum Walkers. Tveir fyrirlestrar að auki eru fyrirhugaðir í tengslum við jarðfræðisetrið fram til vors, en það verður formlega opnað 23. ágúst í tengslum við stóra alþjóðlega jarðfræðiráðstefnu og vísindaferð um austan- og sunnanvert landið. Breiðdalshreppur auglýsti fyrir nokkrum dögum stöðu verkefnisstjóra jarðfræðisetursins og er komin inn ein formleg umsókn og nokkrir hafa sýnt áhuga.

Í hnotskurn

»Á Breiðdalsvík verður í sumar opnað safn og fræðasetur tileinkað breska jarðfræðingnum Walker, sem stundaði m.a. jarðfræðirannsóknir á Austurlandi
»Setrið á að þjóna ungum sem öldnum, almenningi, nemum og jarðvísindamönnum.